



Velferðarráð

Reykjavík, 17. mars 2026

MSS22060049

Afgreiðslubréf: Kosning í velferðarráð

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17.3.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Samþykkt með sextán atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, Hjálmari Sveinssyni, Söru Björgu Sigurðardóttur, Skúla Helgasonar og Ellenar Jacqueline Calmon, borgarfulltrúa Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins, Vinstri grænna og borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að taka á dagskrá kosningu í velferðarráð gegn tveimur atkvæðum borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur. Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri og borgarfulltrúar Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Kosin eru af SPJFV lista:

Sanna Magdalena Mörtudóttir
Guðný Maja Riba
Sara Björg Sigurðardóttir
Magnús Davíð Norðdahl

Kosin eru af DC-lista:

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir
Friðjón Friðjónsson

Kosin er af B-lista

Magnea Gná Jóhannsdóttir

Formaður er kjörin án atkvæðagreiðslu Sanna Magdalena Mörtudóttir

Varafulltrúar eru kosnir með sama hætti.

Kosin eru af SPJFV lista:

Ásta Þ. Skjalddal Guðjónsdóttir
Ellen Jacqueline Calmon
Pétur Marteinn Urbancic Tómasson
Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns

Kosnar eru af DC-lista:

Sandra Hlíf Ocares
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir



Reykjavík



Kosinn er af B-lista

Þorvaldur Daníelsson

Einnig barst listi óháðra borgarfulltrúa, Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur, en fulltrúi af þeim lista náði ekki kjöri.

Borgarfulltrúarnir Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

Við mótmælum málsmeðferð vegna tillagna Sjálfstæðisflokksins við endurskipun í ráð og nefndir. Tillögurnar voru fyrst kynntar eftir að yfirstandandi fundur borgarstjórnar hófst, sem gengur í berhögg við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Í 10. grein samþykktarinnar er skýrlega kveðið á um að tilkynna skuli forsætisnefnd skriflega um mál, sem óskað er eftir að tekið verði á dagskrá borgarstjórnarfundar, fyrir kl. níu á föstudegi fyrir reglulegan fund. Einnig er kveðið á um það í áðurnefndri grein að þegar kosningar til ráða séu á dagskrá borgarstjórnar, skuli senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra, sem lagt er til að taki sæti. Þar sem formreglum var ekki fullnægt, hefði verið eðlilegt að fresta afgreiðslu tillögunnar. Komið hefur fyrir að slíkar tillögur hafa verið teknar á dagskrá borgarstjórnarfundar með afbrigðum. Í þeim tilvikum hefur verið um mannabreytingar að ræða, sem sátt hefur verið um. Ekki er um slíka sátt að ræða í þessu tilviki. Markmið tillagnanna er að útiloka tvo borgarfulltrúa frá öllu nefndastarfi á vettvangi borgarstjórnar. Þar sem starf borgarstjórnar grundvallast á slíku nefndastarfi, hafa tillögurnar víðtæk ólýðræðisleg áhrif. Vegna þess hefði einnig verið rétt að fresta afgreiðslu tillagnanna og gefa þannig borgarfulltrúum tíma til að kynna sér þær og meta áhrif þeirra.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:
Skrifstofa borgarstjórnar
Launadeild
Regluvörður
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Kjörnir fulltrúar



Reykjavík